

## Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

### Fundur haldinn í stjórn Sprotasjóðs 15. maí 2013.

Í þetta skiptið var fundur stjórnar óhefðbundinn að því leiti að fundurinn var haldinn á Akureyri og í tengslum við hann voru skipulagðar heimsóknir í nokkra skóla. Markmiðið með þessum heimsóknum var að kynna nokkrum verkefnum sem Sprotasjóður hafði styrkt og fá kynningu á því hvernig þau höfðu gengið og eins hvort styrkþegar hefðu einhverjar athugasemdir/hugmyndir um starfsemi sjóðsins. Finnur og Gunnhildur sóttu á flugvöllinn, þann hluta stjórnar sem kom frá Reykjavík og byrjað var á að fara í Menntaskólann á Akureyri og síðan í Brekkuskóla. Þá var haldinn fundur og síðan gert hádegishlé og að því loknu var farið í heimsókn í Giljaskóla. Á leiðinni út á flugvöll var komið við á Minjasafninu á Akureyri þar sem stjórnin var m.a. upplýst um hlutverk safnsins gagnvart skólum á svæðinu m.a. með tilliti til skólaheimsókna.

Fundur stjórnar var haldinn í húsnæði RHA/Háskólans á Akureyri v/Norðurslóð. Allir stjórnarmenn voru mættir auk umsýsluaðila: Sigurjón Mýrdal, formaður, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Björg Bjarnadóttir, Finnur Friðriksson og Gunnhildur Helgadóttir.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 11:00 og Gunnhildur Helgadóttir var fundarritari.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

### **1) Staðan á úthlutun - umsýsluaðili**

Umsýsluaðili upplýsti að svarbréf hefðu farið til allra umsækjenda fyrir mánaðarmótin apríl – maí og nú væri verið að vinna í samningum fyrir hvern og einn styrkþega með því að hafa samband við þá og aðlaga samningana að hverjum og einum. Fréttatilkynning um úthlutunina er í yfirllestri og mun verða send stjórn um leið og hún er tilbúin og verða sett inn á heimasíður þeirra stofnana/samtaka sem eiga fulltrúa í stjórn Sprotasjóðs.

### **2) Tillaga að breytingu á samningi**

Umsýsluaðili hafði gert tillögu til stjórnar að breytingu við grein 4 og 6 í samningum sem gerðir eru við styrkþega og samþykkti stjórn þessarar tillögu. Í þessum tillögum fólst að fella út úr 6. gr. „*Vitja skal styrksins innan 6 mánaða frá dagsetningu samnings. Að öðrum kosti fellur hann niður*“ og bæta inn í gr. 4 annars vegar ábendingar um leiðbeiningar, *Sjá leiðb. um skil á skýrslum á rha.is/sprotasjodur* og hins vegar að setja skýrar fram skilyrði fyrir greiðslum.

*Séu tilmæli varðandi skil á skýrslu/m ekki virt áskilur stjórn Sprotasjóðs sér rétt til að fella niður styrkinn í heild sinni eða að hluta til.*

### **3) Önnur mál**

Rætt var um að þetta væri að öllum líkindum síðasti fundur þessarar stjórnar þar sem skipun þeirra í stjórn Sprotasjóðs væri að renna út. Síðan kæmi í ljós hvort einhver þeirra yrðu tilnefnd aftur af nýjum ráðherra. Einnig yrði þetta síðasti fundur Gunnhildar sem umsýsluaðila en Sigrún Vésteinsdóttir kemur aftur úr fæðingarorlofi í ágúst n.k. og tekur þá aftur við sem umsýsluaðili.

Fleira ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 12:20